

DV



SJÓNVARPIÐ

- 14.00 Íþróttabátturinn. Kl. 15.00 enska knattspyrnan.
- 18.00 Dvergarikið (21) (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.
- 18.25 Bangsi bestaskinn. (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Örn Arnason. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 18.50 Táknmálfréttir.
- 18.55 Háskaslóðir (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 Hringrás. Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.30 Lottó, framhald
- 20.35 '89 á Stöðinni. Æsifréttabáttur í umsjá Spaugstofunnar. Leikstjóri Karl Agust Ulfsson. Stjórn upp-töku Tage Ammendrup.
- 20.55 Basl er bókaútgáfa (Executive Stress). Breskur gamanmynda-flokkur með góðkunningjum sjónvarpsáhorfenda. Þýðandi Yrr Bertelsdóttir.
- 21.25 Fólkið í landinu. Maðurinn sem fór sínar eigin leiðir. Ólína Þor-varðardóttir ræðir við Gunnar Bjarnason, fyrrum hrossaræktar-ráðunaut.
- 21.45 Jackie Gleason fer á kostum (Jackie Gleason Special). Bandarískur skemmtibáttur með hinum góðkunna leikara og sam-starsfólki hans. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 22.35 Uppreisnarseggurinn (The Re-volutionary). Bandarísk bímynd frá 1970. Leikstjóri Paul Will-iams. Leikendur: John Voight, Jennifer Salt og Robert Duvall. Ungur námsmaður gerist virkur báttakandi í uppreisnarstarf-semi. Í fyrstu er starf hans harla litilvægt en á þó eftir að reynast honum aðfrifaríkt. Þýðandi Reynir Harðarson.
- 0.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok.



- 9.00 Með afa. Nú ætla afi að vera duglegur og taka svölitið til heima hjá sér. Hver veit nema hann finni eitthvað spennandi. Teiknimyndirnar í dag verða Amma, Litli froskurinn, Sigild ævintýri, Blíðfarnir, Snorkarnir og Skollasögur.
- 10.30 Júlí og töfralljósið. Teiknimynd.
- 10.45 Dæmalausa. Teiknimynd um óþekka strákinn hann Denna dæmalausa.
- 11.05 Jóla hermaður. Teiknimynd fyrir krakka á öllum aldri.
- 11.30 Henderson-krakkarnir. Astralskrur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve.
- 12.00 Sokkabönd í stíl. Endurtekinn frá því í gær.
- 12.25 Fréttagrip vikunnar. Fréttir síð-astliðinnar viku frá fréttastofu Stöðvar 2.
- 12.45 Vald hins illa. Dark Command. Vestri sem fjallar um misheppnaðan glæpamann sem lendir í útistöðum við nýskipað yfirvald í smábæ nokkru. Aðalhlutverk: John Wayne, Claire Trevor, Roy Rogers og Marjorie Main.
- 14.20 Harður heimur. Medium Cool. Myndin gerist á síðari hluta sjón-unda áratugarins og fjallar um tvo félaga sem starfa sem fréttamenn. Aðalhlutverk: Robert Forster, Verna Bloom, Peter Bonerz og Marianna Hill. Leikstjóri: Haskell Wexler.
- 16.05 Falcon Crest. Bandarískur fram-haldsmyndaflokkur.
- 17.00 Þróttir á laugardegi. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 19.19. Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttaréttum.
- 20.00 Island er landið. Þetta er nýr þáttur og verður hann á dagskrá hálfsmánaðarlega. Viðfangsefni hans eru gersamar landsins okk-ara, Íslands, sem þykja einstæðar og eru alls ekki í hugum okkar dags daglega. Umsjón: Jón Ötтар Ragnarsson.
- 20.45 Kvikmynd vikunnar. Fótafimi. Footloose. Myndin fjallar um ungan pilt sem flyst ásamt móður sinni frá stórborginni Chicago til smábæjar nokkurs í miðvestur-riki Bandaríkjanna. Þar þykir pilti líf bæjabúa heldur dauflégt og einsetur sér að bæta þar um. Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Lori Singer, John Lithgow, Dianne Wiest og Christopher Penn.
- 22.30 Undirheimar Miami. Miami Vice. Vinsæll bandarískur spennu-myndaflokkur.
- 23.20 Sambúðarraunir. The Goodbye Girl. Myndin fjallar um Paulu sem kemur heim einn daginn og er þá sambýlismaður hennar á bak og burt. Maður nokkur ber að dyrum. Hann tjáir þeim að sambýlismaðurinn hennar fyrr-verandi hafi boðið honum að búa hjá þeim mæðgum tíma-bundið. Aðalhlutverk: Richard

- Dreyfuss, Marsha Mason og Quinn Cummings.
- 1.05 Óblíð örlög. From Hell to Vic-tory. Myndin fjallar um fjóra vini sem lentu eins og svo margir aðrir á vígvellinum. Þeir líta oft til baka til þess dags er þeir sátu saman einn bjartan ágústdag og fögnuðu vel heppnaðri röðar-ferð þeirra á ánni Signu. Aðal-hlutverk: George Hamilton, Ge-orge Peppard, Jean Pierre Cassel og Horst Bucholz.
- 2.45 Stöðull á kvöldvakt. Night Partn-ers. Í skjóli nætur fara tvær hús-mæður á stjá til að berjast gegn glæpum og hjálpa fórnarlömb-um áráðsmanna. Aðalhlutverk: Yvette Mimieux, Diana Canova og Arlen Dean Snyder.
- 4.20 Dagskrárlok



Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 Veðurfregnir. Bæn. Séra Tómas Sveinsson flytur.
- 7.00 Fréttir.
- 7.03 Góðan dag, góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
- 9.00 Fréttir.
- 9.03 Litli barnatíminn á laugardegi - Naglasúpan, norskt ævintýri. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 9.20 Morguntónar. Strengjakvart-ett í Es-dúr op. 6 nr. 3 eftir Luigi Boccherini. Nuovo kvartettinn leikur. 9.40 Þingmál Umsjón: Arnar Páll Hauksson.
- 10.00 Fréttir.
- 10.03 Hlustendabjónustan. Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.
- 10.10 Veðurfregnir.
- 10.30 Vikulok. Umsjón: Einar Krist-jánsson og Valgerður Benedikts-dóttir. (Tilkynningar kl. 11.00.)
- 12.00 Tilkynningar.
- 12.10 Á dagskrá. Litið yfir dagskrá laugardagsins í Útvarpinu.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar.
- 13.00 Hér og nú. Fréttabáttur í vikulok-in.
- 14.00 Leslampinn. Þáttur um bók-menntir. Umsjón: Friðrik Rafns-son.
- 15.00 Tónelfur. Brot úr hringiðu tón-listarlífsins í umsjá starfsmanna tónlistardeildar og samantekt Bergþóru Jónsdóttur og Guð-mundar Emilssonar.
- 16.00 Fréttir.
- 16.05 Íslenskt mál. Gunnlaugur Ing-ólfrson flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 9.30.)
- 16.15 Veðurfregnir.
- 16.30 Úr sögu óperuflutnings á Ís-landi. Annar þáttur. Jóhannes Jónasson ræðir við Þuríði Páls-dóttur.
- 18.10 Gagn og gaman. Þáttur um börn og bækur. Umsjón: Slija Aðalsteinsdóttir.
- 18.35 Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 Veðurfregnir. Tilkynningar.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.30 Tilkynningar.
- 19.32 Ábætur. Modern Jazz kvartett-inn, Golden Gate kvartettinn og Tríó Bengts Hallberg leika og syngja lög eftir John Lewis.
- 20.00 Litli barnatíminn - Naglasúpan, norskt ævintýri. Umsjón: Kristín Helgadóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 Visur og þjóðlög.
- 21.00 Gestastofan. Gunnar Finnsson tekur á móti gestum á Egilsstöð-um. (Frá Egilsstöðum)
- 22.00 Fréttir. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 Veðurfregnir.
- 22.20 Dansað með harmónikuunn-endum. Saumastofudansleikur í Útvarphúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 Góðvínafundur. Endurnýjuð kynni við gesti á góðvínafundum í fyrravetur. Að þessu sinni eru það strengjakvartettinn Skeleto blár sem nótinn, María Gunter söngkona og Tríó Egils B. Hreinssonar. (Endurtekinn þáttur frá 12. febrúar sl.)
- 24.00 Fréttir.
- 0.10 Um lágnættið. Umsjón: Sigurð-ur Einarsson.
- 1.00 Veðurfregnir.
- 1.10 Næturútvarp á báðum rásum til morguns.



8.05 Á nýjum degi með Margréti Blöndal. (Frá Akureyri)

- 10.03 Nú er lag. Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarps-ins.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Tónlist. Auglýsingar.
- 13.00 Istoppurinn. Óskar Páll Sveins-son kynnir. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt.)
- 14.00 Íþróttaréttir. Íþróttaréttamenn segja frá því helsta sem um er að vera um helgina og greina frá úrslitum.
- 14.03 Klukkan tvö á tvö. Ragnhildur Arnjólfsdóttir og Rósa Ingólfs-dóttir.
- 16.05 Söngur villiandarinnar. Einar Kárasen leikur íslensk dægurlög frá fyrri tíð.
- 17.00 Íþróttaréttir.
- 17.03 Fyrirmyndarfólk lítur inn hjá Þorgeiri Ólafssyni, að þessu sinni Ásgeir Fríðgerisson.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.31 Blágresið blíða. Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlaga-tónlist, einkum bluegrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Hall-dórsson. (Einnig útvarpað í Næt-urútvarpi aðfaranótt laugardags.)
- 20.30 Úr smíðjunni - Brasilísk tónlist. Annar þáttur. Ingvi Þór Kormáks-son kynnir. (Einnig útvarpað að-faranótt laugardags kl. 7.03.)
- 21.30 Áfram Ísland. Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 22.07 Blíðið aftan hægra. Lisa Páls-dóttir.
- 2.00 Næturútvarp á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 2.00 Fréttir.
- 2.05 Istoppurinn. Óskar Páll Sveins-son kynnir. (Endurtekinn frá deg-inum áður.)
- 3.00 Rokksmiðjan. Sigurður Sverris-son. (Endurtekið úrval frá fimmtudagskvöldi.)
- 4.00 Fréttir.
- 4.05 Undir væðarvoð. Ljúf lög und-ir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
- 5.00 Fréttir af veðri, færð og flug-samgöngum.
- 5.01 Áfram Ísland. Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 6.00 Fréttir af veðri, færð og flug-samgöngum.
- 6.01 Af gömlum listum. Lög af vin-sældalistum 1950-1989.
- 7.00 Tengja. Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum át-tum. (Frá Akureyri) (Endurtekið úrval frá sunnudegi á Rás 2.)
- 8.05 Söngur villiandarinnar. Einar Kárasen kynnir íslensk dægurlög frá fyrri tíð. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi)



- 8.00 Þorsteinn Ásgeirsson færir Bylgjuhlustendum kaffi í rúmið, spilar þægilega og góða morg-unntónlist. Það er gott að vakna með Þorsteini.
- 13.00 Valtýr Björn Valtýsson með það helsta sem er að gerast í íþróttah-heiminum um helgina.
- 14.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Daddi athugar það helsta sem er að gerast um helgina í tónlist-inni og fleira skemmtilegt.
- 19.00 Ágúst Héðinsson hitar upp fyrir næturvaktina, opin lína 611111.
- 22.00 Halþór Freyr Sigmundsson á næturvakt. Halþór spilar allt sem þú vilt heyra og meira til.
- 2.00 Freymóður T. Sigurðsson leiðir Bylgjuhlustendur inn í nóttina með ljúfum tónum.



- 9.00 Darri Ólafsson. Darri tekur dag-inn snemma. Tónlistin er ljúf en ný og vönduð.
- 13.00 Ólöf Marín Úlfarsdóttir. Ungir listamenn líta í kaffi. Ólöf talar við þig í gegnum síma. Síminn er 622939.
- 17.00 Íslenski listinn. Bjarni Haukur Þórsson kynnir stóðu þrjátíu vin-sælustu laganna á Íslandi. Öll vinsælustu lögin leikin á tveimur klukkustundum og fróðleikur og sögur sagðar á milli laga.
- 19.00 Arnar Kristinnsson. Laugardags-kvöld á Stjórnum eru engu lík.
- 24.00 Bein útsending. Tónlist úr vin-sælasta diskótéki landsins. Víðtöl við gesti, toptónlist og stuðió ómælt.
- 3.00 Arnar Albertsson Addi er einn af þeim fáu sem...



- 12.00 FÁ.
- 14.00 FG.
- 16.00 IR.
- 18.00 MH.
- 20.00 MS.
- 22.00 FB.
- 24.00 Næturvakt í umsjón IR. Óskalög & kveður, sími 680288.
- 4.00 Dagskrárlok.



- 8.00 Árni Vilhjálmur. Óskalög og eldra efni fram til klukkan eitt.
- 13.00 Halli. Ryksugu-rokk o.fl....
- 16.00 Nökkvi Svavarsson. Kemur ávallt á óvart.
- 19.00 Kiddi Bigfoot. Tónlist og stíll sem á sér engar hliðstæður.
- 23.00 Arnar Þór. „Margur er knár þótt hann sé smár.“



- 10.00 Jón Axel Ólafsson. Helgatonlist með ýmsum uppkomum.
- 13.00 Anna Björk Birgisdóttir. Fród-leiksmolar og kímni ásamt tónlist.
- 16.00 Oddur Magnús. Rómantíkin ræður ríkjum.
- 19.00 Darri Ólason. Gullaldartónlist í bland við þægilega helgatonlist.
- 22.00 Rauðvín og ostar. Margrét Hrafnadóttir við hljóðnemann.



- 6.00 Poppþáttur.
- 7.00 Gríníðjan. Barnaþættir.
- 11.00 Poppþáttur.
- 12.00 Veröld Frank Bough's. Hei-mildamynd.
- 13.00 Jameson's Week. Rabbþáttur.
- 14.00 Fjölbragðaglima (Wrestling).
- 15.00 The Bionic Woman. Spennu-myndaflokkur.
- 16.00 50 vinsælustu lögin.
- 17.00 Dolly. Tónlistarþáttur.
- 18.00 Beyond Atlantis. Kvikmynd.
- 20.00 Czech Me a Spy. Kvikmynd.
- 22.00 Fjölbragðaglima. (Wrestling)
- 23.00 Fréttir.
- 23.30 Poppþáttur.



- 14.00 A Passage to India.
- 17.00 The Witch's Sister.
- 18.00 Labyrinth.
- 20.00 Three Men and A Baby.
- 22.00 Predator.
- 23.45 Avenging Angel.
- 01.30 The Honorary Consul.
- 04.00 The Amazing Howard Hughes, part 2.



- 9.30 Ralli. Keppni á Bretlandi.
- 10.00 Fótbolti. Þjóðirnar sem eru á leið til Ítalíu.
- 11.00 Rugby. Ferð Nýja-Sjálands um Bretlandseyjar.
- 12.00 Golf. World Cup Golf. Liða-keppni á Las Brisas, Spáni.
- 15.00 Borðtennis. Landskeppni milli Stóra Bretlands og Sovétríkj-anna.
- 16.00 Fótbolti. Þjóðirnar sem eru á leið til Ítalíu.
- 17.00 Íshokki. Evrópukeppni félags-líða í Júgóslavíu.
- 18.00 Trans World Sport. Frétta-tengdur íþróttabáttur.
- 19.00 Ralli. Heimsmeistarakeppnin í startholum.
- 20.00 Golf. World Cup Golf. Liða-keppni á Las Brisas, Spáni.
- 22.00 Fótbolti. Fylgst með deilda-keppni á meginlandi Evrópu.
- 23.00 Rugby. Írland-Nýja-Sjáland.



- 7.00 Golf. Isuzu International á Hawaii.
- 8.00 Ameríski fótboltinn. Leikur vik-unnar.
- 10.00 Kanadíski fótboltinn.
- 12.00 Fótbolti. Leikur í argentísku deildinni.
- 13.55 Rugby. Leikur í frönsku deild-inni.
- 16.00 Íshokki. Sovétríkin-Tékkósló-vakía.
- 18.00 Golf. Inside The PGA.
- 18.30 Powersport International.
- 19.30 Ameríski fótboltinn. Leikur há-skalaliða. 21.30 Mótorhjólakappakstur.
- 22.00 Ralli.
- 22.30 Rugby. Stóra Bretland-Nýja-Sjáland.
- 24.00 Kanadíski fótboltinn.

Laugardagur 18. nóvember

Rás 1 kl. 16.30:

Úr sögu óperuflutnings

Þátturinn fjallar um sögu óperuflutnings á Íslandi. Ára-tugurinn eftir sýningu Þjóðleikhússins á Rigoletto árið 1951 var mikið blómaskeið óperuflutnings. Þjóðleikhúsið sýndi þá hverja óperuna eftir aðra og þar komu fram söngvarar eins og Þuríður Pálsdóttir, Guðrún A. Simonar, Guðmunda Elíasdóttir, Sigurveig Hjaltsted, Magnús Jónsson, Guð-mundur Guðjónsson, Guðmundur Jónsson, Kristinn Hall-son og Jón Sigurbjörnsson.

Sinfónihljómsveitin gekkst fyrir konsertflutningi á óper-um í Austurbæjarbíói og Leikfélag Reykjavíkur sýndi Miðil-inn eftir Menotti í magnaðri uppfærslu. Flest af þessu er nú glatað og það sem varðveist hefur flest í einkaeygn.

Í þættinum ræðir Jóhannes Jónasson við Þuríði Páls-dóttur um þetta tímabil og leikin verða brot úr óperuupptök-um frá þessum árum.

-Pá



Mæðgur sitja uppi með óþægilegan meðleigjanda.

Stöð 2 kl. 23.30:

Sambúðarraunir

Paula er leikkona sem býr ásamt níu ára dóttur sinni og sambýlismanni sem óvænt stingur af til Ítalíu. Fljótlega birtist maður sem segist hafa leigt hans hluta af íbúðinni. Paula á ekki annarra kosta völ en að sætta sig við þetta óvenjulega fyrirkomulag.

Sambúðin við hinn ókunnuga, sem hefur fengið hlutverk á Broadway, reynist ekki auðveld. Hann rápar á Adams-klæðum um íbúðina, bryðjandi torkennilegt heilsufæði og íhugunarstundir hans með reykelisíslmi og söng reynast ekki síður erfiðar.

En eins og vera ber fer allt vel að lokum og þessir tveir ólíku einstaklingar finna að þeir hræra rómantískan streng í hjörtum hvor annars.

Myndin var framleidd 1977 og það eru Richard Dreyfuss og Marsha Mason sem leika aðalhlutverkinn.

-Pá

Stöð 2 kl. 20.45:

Fótafimi

Borgarpilturinn MacCormack flyst ásamt móður sinni frá Chicago til smábæjar í Miðvesturríkjunum. Þar ríkja aðrir síðir og óðrúvisi lífsvenjur en MacCormack hinn ungi á að venjast úr stórborginni.

Þannig er flest það sem var MacCormack daglegt brauð staðarbum alls ókunnugt. Eftir margvíslega árekstra við einstaka íbúa samfélagsins ákveður MacCormack að beita öllum ráðum til þess að snúa sveitamönnum á sitt band og byrjar á konu klerksins og dóttur hans.

Fræg dansatriði eru í myndinni og tónlistin úr henni fór um heimsbyggðina sem logi yfir akur árið sem hún kom út. Það var árið 1984 og það var hinn fótafimi Kevin Bacon sem fór með aðalhlutverkið en leikstjóri var Herbert Ross.

-Pá

Sjónvarp kl. 21.25:

Maðurinn sem fór sínar eigin leiðir



Gunnar Bjarnason hesta-maður.

Gunnar Bjarnason hrossarættarráðunautur hefur verið þekktur að flestu öðru en því að binda bagga sína sömu hnútum og samferðamenn. Hann hefur verið alls ófheiminn við að viðra skoðanir sínar á mönnum og málefnum gegnum tíðina og sjaldan hefur lognmolla og staðviðri ríkt þar sem Gunnar hefur farið um.

Gunnar hóf feril sinn í bændaskólanum á Hvann-eyri en öllu meira fréttist af honum í starfi skólastjóra búnaðarskólans á Hólum þar sem mjög gastaði af embætt-isfærslum hans. Gunnar er þekktur fyrir áhuga sinn á hest-um og hestamennsku og hefur hann unnið ótullega að kynn-ingu íslenska hestsins á erlendri grund. Þá samdi hann og gaf út Ættbók og sögu íslenska hestsins auk þess að vera ráðunautur um hrossarækt í áratíðir.

Það er Ólína Þorvarðardóttir sem spjallar við Gunnar í þættinum Fólkið í landinu og er ekki að efa að ekki verða allir sammála Gunnari fremur en endranær.

-Pá